



Framkvæmda- fréttir 23. tbl. /08



Vegagerð í Borgarfirði 8. ágúst. Verktaki er KNH ehf. frá Ísafirði.

Ráðstefna um rannsóknir Vegagerðarinnar 7. nóvember 2008

Rannsóknadeild auglýsir eftir þátttakendum með sýningarbása

Hefur þú áhuga á að vera með sýningabás á rannsóknaráðstefnu Vegagerðarinnar, þann 7. nóvember í haust?

Undanfarin ár hefur á hverju hausti, verið haldin ráðstefna um rannsóknir Vegagerðarinnar. Þátttakendur á ráðstefnunni hafa verið vel á annað hundrað í hvert sinn, aðallega fólk sem tengist vegagerðarmálum, s.s. veggönnun, vegbyggingu, umferðaröryggismálum, skipulagsmálum, umhverfismálum og fleira, enda hafa umfjöllunarefni verið fjölbreytt. Frekari upplýsingar um ráðstefnur undanfarinna ára má finna á heimasíðu Vegagerðarinnar,

www.vegagerdin.is á undirsíðum „Um Vegagerðina“ og „Rannsóknir og þróun“, „Ráðstefnur“.

Nú viljum við kanna hvort áhugi er á að vera með sýningarbása á ráðstefnunni þetta árið. Ráðstefnan verður haldin á Hilton Reykjavík Nordica föstudaginn 7. nóvember. Áhugasamir sendi um það upplýsingar til Þóris Ingasonar hjá Vegagerðinni, thorir.ingason@vegagerdin.is, í seinasta lagi 19. september næstkomandi. Þórir veitir einnig frekari upplýsingar ef á þarf að halda.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 23. tbl. 16. árg. nr. 508 1. sept. 2008

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**

Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:
**Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík**
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.



Gunnar Bjarnason
forstöðumaður jarðfræðideildar
Vegagerðarinnar skrifar

Sýnataka úr malbiki

vegna tveggja verkefna sem
styrkt eru af rannsóknasjóði
Vegagerðarinnar

Sýnataka úr malbiki fór fram þann 13. ágúst 2008 á nýjum vegkafla á Reykjanesbrautinni á milli vegamóta við Grindavíkurveg og vegamóta í Stapahverfi. Hlaðbær-Colas sá um sýnatökuna sem fólst í borun á 30 kjörnum með 100 mm þvermál, 10 kjörnum með 150 mm þvermál og auk þess

sögun á tveimur 500 x 700 mm malbiksplötum. Sýnataka er sameiginleg fyrir tvö rannsóknaverkefni:

Mat á eiginleikum malbiks fyrir íslenskar aðstæður, verkefnisstjóri Pétur Pétursson forstöðumaður hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands (NMÍ). NMÍ hefur fest kaup á tækjabúnaði til rannsókna á malbiki (Wheel Tracking) sem er mikilvægur búnaður til að unnt sé að mæla skriðeiginleika íslenskra malbiksblanda samkvæmt nýjum evrópustöðlum.

Performance specification for asphalt concrete in Iceland, verkefnisstjóri Sigurður Erlingsson prófessor við Háskóla Íslands og við Väg och Transport Institut í Svíþjóð (VTI). Sigurður mun rannsaka ýmsa aflfræðilega eiginleika sýnanna við HÍ og VTI.

Markmið verkefnanna er að rannsaka alla helstu grunneiginleika malbiksblöndunnar þ.e. holrýmd, bindiefnisinnihald



Elías Eypórsson frá Hlaðbæ-Colas tekur borkjarna úr malbiki.



Staða framkvæmda við Héðinsfjarðargöng 25. ágúst 2008. Sprengingum frá Siglufirði til Héðinsfjarðar lauk 21. mars 2008.



Fernando frá Hlaðbæ-Colas hefur lokið við sögun á malbiksplötu. Á myndinni eru einnig frá vinstri talið: Gunnar Bjarnason, Sigurður Erlingsson og Pétur Pétursson.

og sáldurferil en einnig verða mældir ýmsir aflfræðilegir eiginleikar, sem tengjast endingu malbiksins, svo sem stífni, þreytuþol og skrið. Vonir standa til þess að á næstu árum verði lögð aukin áhersla á rannsóknir á malbiki hér á landi. Slíkar rannsóknir eru mjög mikilvægar í ljósi þess að álag hefur aukist á umferðarmannvirki og notkun malbiks utan þéttbýlis er að aukast. Það er mikilvægt að hönnun malbiks byggi hér eftir sem hingað til á traustum forsendum á grunni íslenskra rannsókna.

Héðinsfjarðargöng

Gröftur Héðinsfjarðarganga gekk vel beggja vegna í viku 34 en á báðum stöfnum var unnið við gerð neyðarútskota. Frá Héðinsfirði til Ólafsfjarðar voru sprengdir 52 m og er lengd ganga þeim megin frá 921 m. Frá Ólafsfirði til Héðinsfjarðar voru sprengdir 51 m og er lengd ganga þeim megin frá 3.525 m. Mánudaginn 25. ágúst var samtals búið að sprengja 8.086 m eða 76,5% af heildarlengd.

Niðurstöður útboða

Vetrarþjónusta, Brjánslækur

– Bíldudalur 2008-2011 08-046

Tilboð opnuð þriðjudaginn 29. júlí 2008. Snjómokstur með vörubíreið á leiðinni milli Brjánslækjar og Bíldudals. Einnig frá Bíldudal að Bíldudalsflugvelli og á Tálknafjarðarvegi. Um verkið verður gerður marksamningur.

Helstu magntölur á ári eru (viðmiðunartölur marksamnings):

Vörubíll í snjómokstri
og hálkuvörn 22.000 km

Verktími er frá 1. október 2008 til og með 30. apríl 2011.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (bús.kr.)
4	Græðir sf., Varmadal, Önundarfirði	22.120.000	183,5	12.070
3	J Reynir ehf., Þingeyri	12.650.800	104,9	2.601
---	Áætlaður verktakakostnaður	12.055.000	100,0	2.005
2	Helgi Árnason, Patreksfirði	11.640.000	96,6	1.590
1	GSG ehf., Bíldudal	10.050.000	83,4	0



Búið er að sprengja 921 m í Héðinsfirði og 3.525 m í Ólafsfirði. Samtals 8.086 m sem er 76,5 % af heildarlengd.

Niðurstöður útboða

Suðurstrandarvegur (427), Krýsuvíkurvegur – Þorlákshafnarvegur 07-084

Tilboð opnuð 12. ágúst 2008. Gerð Suðurstrandarvegur (427) á milli Krýsuvíkurvegar og Þorlákshafnarvegur. Verkið felst í nýbyggingu Suðurstrandarvegur á 33,6 km löngum kafla ásamt 2,3 km löngum tengingum við hann, smíði 12 m steyptrar bitabruar á Vogsóss neðan Hlíðarvatns í Selvogi, auk ræsa, grjótvargarða, reiðstígs og girðinga.

Helstu magnþölur eru:

- Vegagerð	
Fylling	615.000 m ³
Efra burðarlag	150.000 m ³
Tvöföld klæðing	265.000 m ²
Ræsi	667 m
Frágangur fláa	550.000 m ²
- Brú á Vogsóss í Selvogi	
Gröftur	600 m ³
Mótafletir	712 m ²
Steypustyrktarjárn	19,1 tonn
Steypa	220 m ³

Undirbyggingu á Krýsuvíkurvegi skal lokið fyrir

1. júní 2009. Smíði brúar á Vogsóss skal lokið fyrir

15. september 2010. Verkinu öllu skal að fullu lokið

fyrir 15. september 2011.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
13	Lóftorka Reykjavík ehf., Garðabæ	984.607.980	103,8	287.215
---	Áætlaður verktakakostnaður	949.000.000	100,0	251.607
12	Ístak hf., Reykjavík	947.322.202	99,8	249.929
11	Íslenskir aðalverktakar hf., Reykjavík	941.463.068	99,2	244.070
10	Skagfirskir verktakar, Sauðárkróki	934.000.000	98,4	236.607
9	Borgarverk ehf., Borgarnesi	925.639.000	97,5	228.246
8	Borgarvirki ehf. og Spöng ehf., Kópavogi	882.996.000	93,0	185.603
7	Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., Selfossi	870.000.000	91,7	172.607
6	Suðurverk hf., Kópavogi	836.667.250	88,2	139.274
5	Háfell ehf., Reykjavík	798.373.900	84,1	100.981
4	Klæðning ehf., Hafnarfirði	796.000.000	83,9	98.607
3	Heimir og Þorgeir ehf., Kópavogi	781.153.810	82,3	83.761
2	Ingileifur Jónsson, Reykjavík	698.299.280	73,6	906
1	K N H ehf., Ísafirði	697.393.220	73,5	0

Umferðarkönnun við Öxi

Vegagerðin stóð fyrir umferðarkönnun í Berufirði í síðast liðnum mánuði og gekk hún í alla staði vel.

Tilgangur með könnuninni er að kanna áhrif fyrirhugaðs Axarvegur á umferðarvenjur vegfarenda á Austurlandi. Einnig fást upplýsingar um umferð á milli einstakra staða og svæða, sem síðar nýtast við almenna áætlanagerð.

Nokkurn tíma tekur svo að vinna úr niðurstöðunum.

Könnunin fór fram á á gatnamótum Hringvegur og Axarvegur í Berufirði, fimmtudaginn 17. júlí og laugardaginn 19. júlí. Könnunin stóð yfir frá kl. 08:00 – 23:00 báða dagana. Framkvæmd umferðarkönnunarinnar var með þeim hætti að allar bifreiðir, sem koma að könnunarstaðnum, voru stöðvaðar og bílstjórar spurðir nokkurra spurninga.

Könnunin gekk í alla staði vel og voru starfsmenn frá Björgunarsveitinni Báru á Djúpavogi, sem aðstoðuðu Vegagerðina, til fyrirmyndar og eiga þakkir skilið fyrir vel unnin störf. Þökkalegt veður á fimmtudegi og fóru sem fyrir segir 718 bílar í gegnum könnunina. Þrír ökumenn stoppuðu ekki og tveir neituðu að svara. Svarhlutfall því 99,3% Mjög gott veður var á laugardegi en aðeins færri bílar fóru um könnunarstaðinn eða 526 bílar. Einungis einn ökumaður neitaði að svara. Svarhlutfall því 99,8%

Vegagerðin þakkar vel unnin störf og vegfarendum fyrir góðan skilning.

Friðleifur Brynjarsson tók meðfylgjandi myndir.





Gerð brúar yfir Hruteyjarsund í Mjóafirði í Ísafjarðardjúpi 13. ágúst. Mynd: Sigurður Mar Óskarsson





G. Pétur Matthíasson
upplýsingafulltrúi skrifar

Ort um gangandi upplýsingafulltrúa

- saga af gönguferð
og hagrðingamóti

Undirritaður gerði sér það til dundurs fyrir verslunarmannahelgina að fá sér göngutúr frá Seyðisfirði til Borgarfjarðar eystri og er varla í frásögu færandi. Nærlandslagið naut sín til fullnustu í ferðinni, enda ekki annað að sjá fyrir þokunni. Því var vegurinn úr Loðmundarfirði og yfir á Borgarfjörð vel greinilegur.

Það vakti þó athygli að á kortum og ferðamannapésnum er vegurinn sagður jeppaslóði. Heldur er nú þar dregið úr, því þetta er að minnsta kosti jeppavegur og líklega fær vel flestum bílum. En þetta er nú útdúrd.

Það flóknasta við svona gönguferð er skipulagningin. Ég var svo heppinn að fá kunningjakonu mína til að keyra bílinn minn frá Egilsstöðum á Borgarfjörð eystri. Fór sjálfur með rútunni á Seyðisfjörð þar sem rútubílstjórinn bjargaði mér svo um far að byrjun gönguleiðarinnar. En þar sem kunningjakonan var

*Hagrðingar á Borgarfirði eystri
yrkja um upplýsingafulltrúann.*

Frá vinstri: Andrés Björnsson, Þorsteinn Bergsson, Halla Gunnarsdóttir, Friðrik Steingrímsson og Jóhannes Sigfússon.

*Stjórnandi samkomunnar
Oddur Bjarni Þorkelsson í pontu.*

að fara á hagrðingamót um þessa helgi sá ég mér ekki annað fært en að spretta úr spori og vera mættur tímanlega á mótið. Það tókst en dró hinsvegar dilk á eftir sér.

Halla heitir vinkona mín og er Gunnarsdóttir. Mikill femínisti. Í fyrra kvartaði hún undan því að engin kona væri meðal hagrðinga á því móti. Henni var þess vegna umsvifalaust boðið að mæta sem hagrðingur í ár og gat ekki skorist undan því. Halla gaf körlunum ekkert eftir en þarna voru mættir auk hennar þeir Andrés Björnsson, Friðrik Steingrímsson, Jóhannes Sigfússon og Þorsteinn Bergsson. Var Halla þeirra sínu yngst og auk þess á sínu fyrsta hagrðingamóti en það kom ekki að sök.

En undir lokin þegar búið var að yrkja um fyrirfram gefin efni var undirritaður neyddur til að standa upp sem fulltrúi Vegagerðarinnar en einhvern veginn er það þannig úti á landi að menn hafa sitthvað við vegakerfið að athuga. Og liggja ekki alltaf á skoðunum sínum, hvorki á vegum né Vegagerðinni.

Varpaði Halla þá þessari fram:

Borgarfjörður furðulegur
fólkið sífellt kvabbandi
Þetta er alveg eðalvegur
ef þú kemur labbandi.

Ég hafði reynt að benda mönnum á að verktakar hefðu einfaldlega boðið of hátt í endurbætur á veginum og ekki er nú hægt að taka hvaða tilboði sem er. Þá orti Friðrik Steingrímsson:

Enginn verður vegurinn
það vantar í hann peninginn,
gangandi því arkar inn
upplýsingafulltrúinn.

Og Halla lauk rúntinum með þessari:

Vegagerðin vill oss illt
vondan segir Pétur dílinn
Er það kannski aðeins spillt
að ætla mér að keyra bílinn?

Ég nýtti mér hinsvegar vegakerfið til að komast heim aftur. Og fáir held ég viti það betur en vegagerðarmenn að víða má taka til hendinni. Það er enginn skortur á verkefnum, svo mikið er víst.



Vegurinn milli Loðmundarfjarðar og Borgarfjarðar.



Niðurstöður útboða

Hlíðarendavegur

í Ölfusi (380) 08-080

Tilboð opnuð þriðjudaginn 29. júlí 2008. Endurgerð 5,3 km langs Hlíðarendavegar í Ölfusi (380).

Helstu magntölur eru:

Skering	15.400 m ³
Fylling	9.700 m ³
Fláafleygar	5.600 m ³
Lögn stálröra	36 m
Neðra burðarlag	21.100 m ³
Efra burðarlag	6.500 m ³
Tvöföld klæðing	39.000 m ²
Frágangur fláa	40.000 m ²

Verkinu skal að fullu lokið 1. júlí 2009 en fyrra lag klæðingar skal komið á veginn fyrir 15. október 2008.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
7	Arnartak ehf., Reykjavík	110.935.000	118,8	32.390
6	Heimir og Þorgeir ehf., Kópavogi	95.953.500	102,7	17.409
5	Klæðning ehf., Hafnarfirði	95.000.000	101,7	16.455
---	Áætlaður verktakakostnaður	93.400.000	100,0	14.855
4	Vörubílstjórafélagið Mjólnir ehf., Selfossi	87.594.000	93,8	9.049
3	Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., Selfossi	84.615.000	90,6	6.070
2	Vélgrafan ehf., Selfossi	79.600.000	85,2	1.055
1	Háfell ehf., Reykjavík	78.545.000	84,1	0

Suðurstrandarvegur (427), Krýsuvíkurvegur – Þorlákshafnarvegur, eftirlit 08-057

Tilboð opnuð 19. ágúst 2008. Eftirlit með gerð Suðurstrandarvegur (427) á milli Krýsuvíkurvegar og Þorlákshafnarvegur. Verkið felst í nýbyggingu Suðurstrandarvegur á 33,6 km löngum kafla ásamt 2,3 km löngum tenging-um við hann, smíði 12 m steyptrar bitabruar á Vogsóss neðan Hlíðarvatns í Selvogi, auk ræsa, grjótnargarða, reiðstígs og girðinga.

Gert er ráð fyrir að verkinu verði að fullu lokið fyrir 15. september 2011.

Val bjóðanda fer fram á grundvelli hæfnivald og verðs og bar bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni bjóðanda og verðtilboð.

Útboðið var einnig auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.

Bjóðandi *)	Hæfnimat	Tilboð (kr.)
Áætlaður verktakakostnaður		39.200.000
Almenna verkfræðistofan, Reykjavík	48	27.642.47
Fjölhönnun ehf., verkfræðistofa, Reykjavík	47	29.360.000
Hnit hf. verkfræðistofan, Reykjavík	46	39.060.880
Línuhönnun hf., Reykjavík	52	35.300.000
Verkfræðistofa Árborgar, Selfossi	25	
Verðtilboð ekki opnað		
VSB verkfræðistofa ehf., Hafnarfirði	40	34.500.000
VSÓ - Ráðgjöf ehf., Reykjavík	52	35.000.000

*) stafrófsröð

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar. Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
07-040 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur, eftirlit	09
08-011 Kísilvegur (87) á Hólásandi	09
08-051 Keflavíkurvegur (424), Reykjanesbraut - Njarðarbraut	09
08-055 Reykjanesbraut (41), undirgöng við Hafnaveg	09
08-052 Reykjanesbraut (41), Kaldárselsvegur - Krýsuvíkurvegur	09
07-039 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur	08
08-082 Hörgárdalsvegur (815), 2. áfangi Skriða - Björg	08
08-062 Kjósarskarðsvegur (48), Meðalfellsvegur - Þingvallavegur	08
08-060 Arnarnesvegur (411), Rjúpnavegur - Breiðholtsbraut, hönnun	08
08-015 Strandavegur (643) í Bjarnarfirði	08
08-033 Hringvegur (1) um Hornafjarðarfliót	08
08-034 Rangárvallavegur (264), Hringvegur - Minna Hof	08
08-054 Hringvegur (1), Norðlingavað - Nesbraut	08
08-032 Bræðratunguvegur (359) um Hvítá	08
08-026 Reykjabraut (724), Hringvegur - Svínvetningabraut	08
08-022 Vestfjarðavegur (60), Kjálkafjörður - Vatnsfjörður	08
08-021 Vestfjarðavegur (60), Gufudalssveit	08
08-042 Breikkun Hringvegur (1) á Norðvestursvæði 2008-2009, 1. áfangi	08
08-036 Suðurstrandarvegur (427), Ísólfsskáli - Krýsuvíkurvegur	08
08-016 Hringvegur (1) um Blönduós	08
08-012 Norðausturvegur (85), Bunguflói - Vopnafjörður	08
08-009 Hófaskarðsleið, Raufarhafnartenging	08
08-008 Hringvegur (1), breikkun í Öxnadal	08
08-005 Hringvegur (1), Litla Sandfell - Haugaá	08
07-089 Dettifossvegur (862), Dettifoss - Norðausturvegur	08
06-006 Upphéraðsvegur (931), Fellabær - Ekkjufell	08

Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
08-077 Reykjanesbraut (41), Kaldárselsvegur - Krýsuvíkurvegur, hönnun	28.07.08	02.09.08
Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
08-046 Vetrarþjónusta Norðvestursvæði, Bíldudalur - Brjánslækur 2008-2011	14.07.08	29.07.08
07-084 Suðurstrandarvegur (427), Krýsuvíkurvegur - Þorlákshafnarvegur	30.06.08	11.08.08
07-057 Suðurstrandarvegur (427), Krýsuvíkurvegur - Þorlákshafnarvegur, eftirlit	30.06.08	11.08.08
08-081 Vetrarþjónusta í Eyjafirði og á Hringvegi að Krossi 2008-2013	07.07.08	22.07.08
08-025 Vatnsdalsvegur (722), Hof - Hjallaland	07.07.08	22.07.08
08-066 Landeyjahöfn, hafnar- og vegagerð, eftirlit	09.06.08	15.07.08
07-012 Skagavegur (745) um Króksbjarg	09.06.08	24.06.08
06-007 Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss	07.04.08	20.05.08
Samningum lokið	Opnað:	Samið:
08-080 Hlíðarendavegur í Ölfusi (380) <i>Háfell ehf.</i>	29.07.08	14.08.08
08-073 Grafningsvegur efri (360) um Úlfliótsvatn <i>Sigurjón Hjartarson</i>	22.07.08	12.08.08
08-078 Heiðarbraut (3357), og Gnúpverjavegur (325) <i>Mjólnir, vörubílstjórafélag</i>	15.07.08	29.07.08
08-010 Hringvegur (1), Valtýskambur - Sandbrekka <i>Háfell ehf.</i>	08.07.08	20.08.08
08-018 Snæfellsnesvegur (54) um Fróðárheiði, Egilsskarð - sæluhús <i>KNH ehf.</i>	24.06.08	23.07.08
08-072 Örnólfsdalsá hengibrú, stálmíði <i>Gísli Þorgeir Einarsson</i>	18.06.08	25.07.08
08-007 Illugastaðavegur (833), slitlagsendi - Illugastaðir <i>Árni Helgason, Ólafsfirði</i>	18.06.08	25.07.08
08-063 Landeyjahöfn, hafnar- og vegagerð <i>Suðurverk hf.</i>	12.06.08	14.08.08



Snæfellsnesvegur (54) um Búlandshöfða.